

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Garðabær, 2. júní 2022
Málsnúmer: 202205-0021
SS

Efni: Umsögn um umsókn Icelandic Water Holdings hf. um nýtingarleyfi til töku grunnvatns að Hlíðarenda í Ölfusi.

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 11. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Icelandic Water Holdings ehf. um nýtingarleyfi til 30 ára til töku grunnvatns innan athafnalóðar fyrirtækisins að Hlíðarenda í Ölfusi. Með umsókninni eru óskað eftir heimild til að auka vatnstöku skv. gildandi nýtingarleyfi úr 30 l/s í 70 l/s á sama svæði.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 22. nóvember 2021, um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar Icelandic Water Holdings á þessari breytingu á vatnstöku. Þar kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi ekki að framkvæmdin væri háð mati á umhverfisáhrifum. Þrátt fyrir umtalsverða aukningu á nýtingu grunnvatns hefur grunnvatnsrennslið á lindasvæðinu verið vaktað vandlega frá því nýting IWH hófst árið 2008 m.a. með sírita á vatnsrennsli og stöðu vatnsborðs, og ekkert bendir til þess að grunnvatnshlotið þoli ekki þessa aukningu enda áætlað heildarrennsli nálægt 120 L/s. Vöktun hefur ekki sýnt fram á neinar langtímabreytingar á vatnsmagni á svæðinu og ekki er líklegt að komi til slíkra breytinga með áætlaðri aukningu. Þá var í tilkynningunni greint frá mótvægisáðgerðum sem gripið verður til ef þörf þykir til að sporna við óæskilegum breytingum á vatnsstöðu. Ekki hefur verið þörf á neinum slíkum aðgerðum hingað til. Þá hefur verið gripið til mótvægisáðgerða til að sporna við mögulegum breytingum á gróðri við Hlíðarendalæk.

Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 27. desember 2021 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum og taldi að ólíklegt væri að framkvæmdin myndi hafa neikvæð umhverfisáhrif. Engin mannvirkjagerð fylgdi þessari aukningu á vatnsvinnslu og ekki var talið líklegt að samlegðaráhrif væru við aukna grunnvatnsnotkun í nálægu laxeldi sem áformað er í Ölfus.

Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa ályktun Skipulagsstofnunar og vísar í það sem fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskylduna. Ekki hafa orðið neinar breytingar á áformunum eða forsendum vatnstökunnar síðan ákvörðun um matsskyldu var tekin. Náttúrufræðistofnun gerir því ekki athugasemd við að nýtingarleyfið sé veitt. Afar mikilvægt er þó að vöktun af þeim toga sem stunduð hefur verið við Hlíðarenda haldi áfram og að brugðist sé við ef vísbendingar eru um að vatnsvinnslan sé farin að hafa áhrif á grunnvatnshlotið.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

